

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 1999

7. desember 1999

2569

Nr. 837

REGLUGERÐ um ormahreinsun hunda.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að fyrirbyggja sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um hreinsun hunda vegna bandorma og spóluorma.

Til hreinsunar hunda gegn bandormum og spóluormum skal nota ormalyf sem embætti yfirdýralæknis hefur viðurkennt til þeirra nota.

Ábyrgð og framkvæmd.

3. gr.

Sveitarfélög eru ábyrg fyrir framkvæmd reglugerðar þessarar.

Hundeiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hundsins.

Skylt er að hreinsa alla hunda 4 mánaða og eldri. Hundar þar sem búfjárhald er stundað og slátrun fer fram skulu ormahreinsaðir að liðinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert.

Nýgotnar tíkur og 3 – 4 vikna hvolpar skulu spóluormahreinsaðir sérstaklega samkvæmt leiðbeiningum dýralæknis. Hundeigandi skal framvísa vottorði um spóluormahreinsun við skráningu hundsins.

Eftirlit.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Hundeigandi skal framvísa vottorði frá dýralækni um ormahreinsun hundsins ár hvert til viðkomandi sveitarfélags. Heilbrigðisnefnd getur í samráði við héraðsdýralækni heimilað að vottorð frá öðrum en dýralækni verði viðurkennd, ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Viðurlög og málsmeðferð.

5. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUR**um gjaldeyrismarkað.**

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðlabanka, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskrri krónu samkvæmt ákvæðum þessara reglna. Nefndir aðilar hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann auk ríkissjóðs.

Hver sá, sem æskir þess að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum, skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka sjá 14. gr.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 1.000.000 Bandaríkjadala, og er honum skylt að eiga viðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi markaðsaðili aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 1.000.000 Bandaríkjadala. Að loknum viðskiptum er viðskiptavaka ekki skylt að gefa sama markaðsaðila verðtilboð aftur fyrir en eftir 5 mínútur. Seðlabankinn er